


## LESANDI VIKUNNAR



Gisli Theódórsson ritstjóri. Mynd: Kristlín.

# Dósirnar hans afa

**Hvað ertu að gera núna Gisli?**

Ég var rétt að koma bílnum mínum í bræðslu suður í hrauni. Þetta var annars ágætis bill af tegundinni VW Derby, en það var slen og málmþreyta sem hjáði hann og því fór sem fór. Blessuð sé minning hans. Annars ritstýri ég tímaritinu Geðhjálp sem er gefið út af samnefndum samtökum. Þetta eru samtök fólks með geðren vandamál og aðstandenda þeirra. Ég var að enda við að koma út í. Tölublaði þessa árs og þá hefist undirbúningur næsta blaðs.

**Hvað varstu að gera fyrir 10 árum?**

Ég hafði þá rétt lokið námi í prentið og fór beint í vinnugeðveikina. Sinni auðvitað íslenski herskyldu eins og vera ber; fór út í íbúðakaup, og það eina sem ég man frá þessum árum er að ég vann meira en góðu hófi gegndi.

**Segðu mér frá bókinni sem þú ert að lesa núna.**

Ég var að ljúka við að lesa bók sem heitir *Vinirnir* eftir Eric

Remarque. Hún gerist í Þýskalandi millistríðsáranna og er um mann sem var hermaður í fyrri heimsstyrjöldinni og kemur heim í allt það vonleysi sem ríkti í Þýskalandi eftir stríðið. Ég held að ég hafi aldrei áður fundið til eins mikillar samkenndar með tilbúnni persónu í bók.

**Hver er uppáhaldsbarnabókin þín?**

*Selurinn Snorri*. Hún var gefin út í Noregi 1940, og komst sem sagt einhvern veginn í gegn um ritskoðun Þjóðverja. Þemað er barátta góðs og ills; Selurinn Snorri er Noregur, mávarnir eru kvíslingarnir og hvalurinn Þjóðverjar. Góð barnabók fyrir fólk á öllum aldri.

**Hvers minnstu helst úr Bibliónni?**

Gjaldit keisararum það sem keisarans er og guði það sem guðs er.

**Hvert langar þig helst til að ferðast?**

Til sömu staða í Vestur-Afríku og ég kom einu sinni til; Kenýa og Tanzaníu. Mig langar til að klífa fjallið Mount-Kenya og heimsækja eyjarnar Madagaskar og Maurítíus, en þangað hef ég ekki komið.

**Segðu mér frá ferðum þínum í leik- og kvikmyndahúsi í vetur.**

Það hefur lítið farið fyrir leikhúsförum, en í kvikmyndahúsi í Stokkhólmi sá ég *Children of a Lesser God*, sem er um samband heyrnarkertrar stúlku við heyrandi kennara sinn.

**Fylgstu með einhverjum ákveðnum dagskrárlíðum í útvarpi og sjónvarpi?**

Ég horfi oftast á sjónvarpsfréttir en hlusta lítið á útvarp. Þáttur Jónu Ránu Kvaran á Aðalstöðinni er oft áhugaverður, en mér finnst um þá stöð eins og hinar litlu stöðvarnar, þetta eru eiginlega hálfgerð diskótek.

**Hefurðu alltaf kosið sama stjórnálflokkinn?**

Ég hef aldrei kosið. Nema í forsetakosningum.

**Eru til hugrakkir stjórnálflokkarnir og konur?**

Já, þeir eru til.

**Viltu nafngreina einhvern?**

Willy Brandt og Vilmond Gylfason vil ég nefna.

**Er landið okkar varið land eða hernúmið?**

Hernúmið fyrir vist. Það er full ástæða fyrir ráðamenn að svæla þá burtu. Ef þeir vilja að við tökum orð þeirra um frið trúanleg munu þeir losa okkur við herinn.

**Yrði það lausn í sjálfu sér ef engin hernaðarbandalög væru til?**

Það er freistandi að svara þessari spurningu játandi, en ég held að mennirnir myndu finna sér aðrar leiðir til hernaðar. Erum við ekki þannig? Mannkynssagan segir okkur það að minnsta kosti.

**Elga hugtökin hægrí-vinstri rétt á sér í stjórnmálum í dag?**

Það fer dvinandi. Nú eru komnar miklu fleiri greinar á stjórnmálatróð en áður. Það er sagt að austantjaldspjóðir séu að öðlast frelsi og mannréttindi.

**Ríkis frelsi og mannréttindi á Vesturlöndum?**

Mér virðist þetta vera eins og einhvers konar fylliri þarna fyrir austan. Þeir vilja ná því á örfáum vikum sem tekur fleiri ár að öðlast. Svo er aftur annað mál hvort það er eins eftirsóknarvert og þeir halda. Eitt er vist að það eru ekki mannréttindi og frelsi sem ríkja á Vesturlöndum. Mannréttindi og frelsi snúast um peninga, eru keypt fyrir peninga. Ég bjó um tíma í Lundúnum og kynntist þá réttindaleysi lágstéttafólks. Ég var

sjálfur hústökumaður og við vorum allra neðst í stiganum og vorum alls staðar fyrir í kerfinu.

**Hvaða eiginleika þín viltu helst vera laus við?**

Helst vil ég vera laus við ákveðna framhlypni sem mér finnst frekar fara vaxandi en hitt. Ég tala of mikið þegar ég á að vera hljóðlátur og fer aftur á móti í kerfi þegar ég á að tala.

**Hvaða eiginleika þinn finnst þér skritnast að aðrir kunni ekki að meta?**

Framhlypni mína.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?**

Ég á engan uppáhaldsmat. Ég er ánægður ef ég fæ að borða og borða allt sem er borið á borð fyrir mig. Ég dvaldist í Afríku um tíma þar sem matur var af skomum skammti. Sú dvöl hafði áhrif á mig.

**Hverjir eru helstu kostir landa þinna?**

Þetta er einlægt fólk þrátt fyrir allt. Íslendingum er líka hægt að treysta.

**En hverjir eru brestir okkar?**

Maður lifandi, það er hjóðarremban. Ég veit til dæmis ekki hvort við höfum gott af því að vinna tvær alheimsfegurðarsamkeppnir, eina B-keppni í handbolta og næstum því eina söngvakeppni á tæpum fjórum árum.

**Hverju vildir þú helst breyta í íslensku þjóðfélagi?**

Ég skoðaði litla geðdeild norður á Akureyri fyrir nokkru og sá þar marga sem sunnamenn gætu tekið sér til fyrirmyndar.

**Hef ég gleymt einhverri spurningu?**

Já, þessari um neftóbaksneyslu mína?

**Tekurðu í nefið Gisli?**

Já, alltaf þegar ég kemst í dósirnar hans afa.

Guðrún